

Nd. **851. Frumvarp til laga** [338. mál]

um breyting á lögum nr. 7/1972, um breyting á lögum nr. 68 15 júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Sama rétt hafa hjón, þegar tekjur konunnar eru eftirlaun eða einhverjar eftirlalinnna bóta almannatrygginga: örorkustyrkur, örorkulífeyrir eða ellilífeyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1973.

Greinargerð.

Sú lagaregla, sem nú gildir um skattlagningu hjóna, heimilar 50% frádrátt frá atvinnutekjum giftrar konu, þegar hjón eru skattlögð sameiginlega. Kona, sem missir vinnugetu sína vegna örorku eða aldurs og fær þess vegna tryggingabætur eða eftirlaun, nýtur hins vegar ekki þessa frádráttar vegna þeirra bóta.

Þetta þarf að leiðrétta, og því er þetta frumvarp flutt.

Flutningsmanni er ljóst, að gagngerra breytinga er þörf á reglum um skattlagningu hjóna í samræmi við tillögur þær, sem fólust í frumvarpinu, sem sjálfstæðismenn fluttu í vetur til breytinga á skattalögum. Þær tillögur fólu í sér algjöra sérsköttun hjóna, þar sem byggt væri á helmingaskiptum á tekjum hjóna.

Meðan slík kerfisbreyting hefur ekki verið samþykkt, er nauðsynlegt að leitast við að sníða af það ranglæti, sem augljósast er í gildandi reglum um þetta efni.

Það er sanngirnismál, að skattalög bitni ekki með meiri þunga á þeim, sem ekki geta unnið, en hinum, sem til þess hafa heilsu og krafta.